

VÖRUSALA Á 1F JÓKST UM 8,6% OG HAGNAÐUR NAM 653 M.KR.

Uppgjör Haga hf. á 1. ársfjórðungi 2023/24

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir fyrsta ársfjórðung 2023/24 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundinum 28. júní 2023. Reikningurinn er fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2023. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og er hann gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Reikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins, PricewaterhouseCoopers ehf.

Helstu lykiltölur

- **Vörusala** 1F nam 41.490 m.kr. (8,6% vöxtur frá 1F 2022/23). [1F 2022/23: 38.213 m.kr.]
- **Framlegð** 1F nam 8.072 m.kr. (19,5%). [1F 2022/23: 7.564 m.kr. (19,8%)]
- **Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA)** 1F nam 2.521 m.kr. eða 6,1% af veltu. [1F 2022/23: 2.668 m.kr. (7,0%)]
- **Hagnaður** 1F nam 653 m.kr. eða 1,6% af veltu. [1F 2022/23: 926 m.kr. (2,4%)]
- **Grunnhagnaður á hlut** 1F var 0,59 kr. [1F 2022/23: 0,82 kr.]. **Þynntur hagnaður á hlut** 1F var 0,58 kr. [1F 2022/23: 0,81 kr.]
- **Eigið fé** nam 27.751 m.kr. í lok tímabils og **eiginfjárlutfall** 37,4%. [Árslok 2022/23: 27.931 m.kr. og 38,8%]
- **Afkomuspá stjórnenda** fyrir rekstrarárið 2023/24 gerir ráð fyrir að EBITDA verði 11.000-11.500 m.kr.

Helstu fréttir af starfsemi

- **Rekstur á fyrsta ársfjórðungi gekk vel**, sér í lagi í dag- og sérvöruhluta samstæðunnar. **Vörusala jókst um 8,6%** milli ára og heildarhagnaður nam 653 m.kr.
- **Seldum stykkjum í dagvöruverslunum fjölga** milli ára um 4,5% og **heimsóknnum viðskiptavina fjölga** auk þess um 11,6% á fjórðungnum. **Samdráttur var í seldum eldsneytislífrum** á 1F sem nam 1,1%.
- **Framlegð í krónum talið eykst** um 6,7% milli ára en **framlegðarhlutfallið lækkar** um 0,3%-stig. Framlegðarhlutfall lækkar bæði í dagvöru- og eldsneytisluta samstæðunnar.
- Áframhaldandi **verðhækkana á aðfanga- og vöruverði** hefur gætt á fjórðungnum. Reynt hefur verið af fremsta megni að sporna við verðhækkunum og hefur þeim ekki öllum verið fleytt út í vöruverð.
- Ný sjálfsafgreiðslulausn **Bónus, Gripið & Greitt, var sett í loftið í Bónus Smáratorgi í lok ársfjórðungs**. Lausnin hefur fengið frábærar viðtökur og verður innleidd í áföngum í fleiri verslanir á árinu.
- **Bónus opnaði** nýja 1.800 m² matvöruverslun að Norðlingabraut 2 í **Norðlingaholti** þann 3. júní.

Finnur Oddsson, forstjóri:

Starfsemi Haga á fyrsta fjórðungi rekstrarársins 2023/24 gekk heilt yfir vel. Vörusala samstæðu nam 41,5 ma. kr. og jókst um tæp 9% miðað við sama tímabil í fyrra. EBITDA nam 2.521 m.kr. og hagnaður var 653 m.kr. Líkt og undanfarin misseri þá var rekstrarumhverfi smásölu krefjandi, en það hefur einkennst af miklum hækkunum á verði matvöru og almennt hækkandi rekstrarkostnaði. Hvoru tveggja má a.m.k. að hluta rekja til áhrifa stríðs í Úkraínu og eftirstöðva Covid-19 faraldursins.

Afkoma samstæðunnar dregst lítillega saman á milli fjórðunga en megin ástæðan liggur í því að starfsemi Olís skilaði lægri afkomu en í fyrra. Tekjur vegna eldsneytissölu námu 12,7 ma. kr. og drógust saman um 8% sem skýrist fyrst og fremst af því að heimsmarkaðsverð olíu lækkaði töluvert á milli ára. Heildarsala eldsneytis í lítrum stóð svo til í stað, áfram sterk á smásölumarkaði og í sölu til stórnotenda, þrátt fyrir að heldur hafi dregið úr umsvifum útgerða vegna minni kvóta. Heildarumsvif hjá Olís voru í samræmi við áætlanir, en lækkun á heimsmarkaðsverði olíu á fjórðungnum leiddi til lægri framlegðar af sölu til stórnotenda.

Mikill vöxtur er áfram í sölu verslana og vöruhúsa, en tekjur jukust um 18% á milli fjórðunga. Þessa aukningu má annars vegar rekja til verðbólgu, hækkandi verðs aðfanga frá heildsölum og framleiðendum, sem hefur verið viðvarandi viðfangsefni síðustu misseri. Hins vegar er ánægjulegt að tekjuvöxtur er einnig til kominn vegna aukinna umsvifa í dag- og sérvöruhluta samstæðunnar því seldum stykkjum og heimsóknum viðskiptavina fjölgaði umtalsvert á tímabilinu. Þetta er sérstaklega áberandi í Bónus, en síðustu fjórðunga hefur þeim sem sækja í hagkvæmasta verslunarkostinn á dagvörumarkaði fjölgað umtalsvert. Að sama skapi fjölgaði viðskiptavinum Hagkaups og mikil aukning er í netverslun Eldum rétt þar sem æ fleiri viðskiptavinir sækja í þægindi, hagkvæmni og gæði heimsendra matarpakka í viku hverri. Afkoma af verslunum og vöruhúsum jókst m.v. sama fjórðung í fyrra.

Á fjórðungnum náðust áfangar sem hafa það að markmiði að efla þjónustu við viðskiptavini og styrkja starfsemi Haga enn frekar. Ný og rúmgóð verslun Bónus var opnuð í Norðlingaholti í byrjun júní og Hagkaup hélt áfram að bæta við úrval þægilegra, einfaldra og gómsætra lausna, nú með veisluréttum í netsölu og heimsendingu. Olís opnaði nýja og glæsilega þjónustumiðstöð á Fitjum í Reykjanesbæ og fjölgaði Lemon mini útibúum, m.a. á Hellu, Fitjum og Reyðarfirði. Enn er unnið að fjölda stafrænna verkefna sem hafa það að markmiði að tryggja grunnrekstur kerfa og efla þjónustu við viðskiptavini. Á þeim vettvangi kynnti Bónus nýja útfærslu af skönnunarlausn, Gripið & Greitt, við mjög góðar undirtektir, enda mun lausnin bæta upplifun viðskiptavina umtalsvert og gera Högum kleift að sníða þjónustu betur að þeirra þörfum.

Við erum sáttt með árangur Haga á fyrsta fjórðungi rekstrarársins, sérstaklega í ljósi þess hversu ögrandi rekstrarumhverfi í okkar geira er og hefur verið. Ef lítið er fram hjá áhrifum niðursveiflu í heimsmarkaðsverði olíu á fjórðungnum, sem hefur neikvæð áhrif á afkomu Olís, þá er rekstur annarra eininga heldur að styrkjast. Verkefni okkar framundan verður að halda áfram framþróun félagsins á öllum sviðum, en gæta um leið að hagkvæmni í innkaupum og allri starfsemi og leggja þannig okkar af mörkum til að berjast gegn verðhækkunum og verðbólgu. Hagar búa sem fyrr að fjárhagslegum styrk, sterkum rekstrareiningum og frábæru starfsfólki sem hefur það að markmiði að efla hag viðskiptavina með því að gera verslun hagkvæma, þægilega og skemmtilega.

Rekstrarreikningur samstæðunnar

í millj. kr.	1F 2023/24	1F 2022/23	Breyting	Breyting %
	01.03-31.05	01.03-31.05		
Vörusala	41.490	38.213	3.277	8,6%
Kostnaðarverð seldra vara	(33.418)	(30.649)	(2.769)	9,0%
Framlegð	8.072	7.564	508	6,7%
Framlegð %	19,5%	19,8%	-	-0,3%
Aðrar rekstrartekjur	194	202	(8)	-4,0%
Laun og launatengd gjöld	(3.932)	(3.443)	(489)	14,2%
Annar rekstrarkostnaður	(1.813)	(1.655)	(158)	9,5%
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	2.521	2.668	(147)	-5,5%
EBITDA %	6,1%	7,0%	-	-0,9%
Afskriftir	(1.129)	(1.021)	(108)	10,6%
Rekstrarhagnaður (EBIT)	1.392	1.647	(255)	-15,5%
Hrein fjármagnsgjöld	(626)	(544)	(82)	15,1%
Áhrif hlutdeildarféлага	40	44	(4)	-9,1%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	806	1.147	(341)	-29,7%
Tekjuskattur	(153)	(221)	68	-30,8%
Heildarhagnaður	653	926	(273)	-29,5%

Rekstur á fyrsta ársfjórðungi 2023/24

Vörusala á 1F nam 41.490 m.kr., samanborið við 38.213 m.kr. árið áður. Söluaukning milli ára nam 8,6%. Söluaukning verslana og vöruhúsa nam 17,7% en samdráttur var í sölu hjá Olís um sem nemur 8,0% milli ára.

Aukin velta er að hluta knúin áfram af verðbólgu en þó hefur fjöldi seldra stykkja í dagvöruverslunum aukist um 4,5% á fjórðungnum. Heimsóknum viðskiptavina fjölgaði sömuleiðis, eða um 11,6%. Samdráttur var í seldum eldsneytislítrum hjá Olís á 1F og nam hann 1,1%.

Framlegð samstæðunnar á 1F var 8.072 m.kr., samanborið við 7.564 m.kr. árið áður, eða aukning sem nemur 6,7%. Framlegðarhlutfall lækkaði hins vegar og var 19,5% í samanburði við 19,8% á fyrra ári. Framlegðarhlutfall hefur

lækkað bæði í dagvöru- og eldsneytishluta samstæðunnar.

Launakostnaður hækkaði um 14,2% milli ára og hækkar launahlutfallið úr 9,0% í 9,5% á ársfjórðungnum.

Annar rekstrarkostnaður hækkaði um 9,5% milli ára og er kostnaðarhlutfallið nú 4,4% í samanburði við 4,3% árið áður.

Afkoma fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) nam 2.521 m.kr., samanborið við 2.668 m.kr. árið áður. EBITDA-hlutfall var 6,1%, samanborið við 7,0% á fyrra ári. EBITDA verslana og vöruhúsa jókst um 19,0% milli ára en EBITDA Olís dróst saman um 62,6%, eða úr 800 m.kr. í 299 m.kr.

Heildarhagnaður tímabilsins nam 653 m.kr., sem jafngildir 1,6% af veltu en heildarhagnaður á fyrra ári var 926 m.kr. eða 2,4% af veltu.

Efnahagsreikningur samstæðunnar

í millj. kr.	31.05.2023	28.02.2023	Breyting	Breyting %
Eignir				
Fastafjármunir	53.062	50.502	2.560	5,1%
Veltufjármunir	21.235	21.505	(270)	-1,3%
Eignir samtals	74.297	72.007	2.290	3,2%
Eigið fé og skuldir				
Hlutafé	1.106	1.119	(13)	-1,2%
Annað eigið fé	26.645	26.812	(167)	-0,6%
Eigið fé samtals	27.751	27.931	(180)	-0,6%
Langtímaskuldir	21.989	21.101	888	4,2%
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	3.814	3.325	489	14,7%
Aðrar skammtímaskuldir	20.743	19.650	1.093	5,6%
Skuldir samtals	46.546	44.076	2.470	5,6%
Eigið fé og skuldir samtals	74.297	72.007	2.290	3,2%

Lykiltölur efnahags 31.05.2023

- Heildareignir samstæðunnar í lok tímabils námu 74.297 m.kr. og hækkuðu um 2.290 m.kr. frá árslokum 2022/23.
- Fastafjármunir voru 53.062 m.kr. og hækkuðu um 2.560 m.kr. frá árslokum 2022/23. Hækkunina má að mestu rekja til fjárfestinga í fasteignum og öðrum rekstrarfjármunum en einnig hækkun leigueigna vegna nýrra leigusaminga.
- Veltufjármunir voru 21.235 m.kr. og lækkuðu um 270 m.kr. frá árslokum 2022/23.
- Birgðir í lok ársfjórðungs voru 11.541 m.kr. og veltuhraði birgða 11,3. Birgðir hafa lækkað um 694 m.kr. frá lokum 1F 2022/23 og um 1.176 m.kr. frá árslokum 2022/23. Lækkun birgða má nær alfarið rekja til lægra birgðaverðmætis eldsneytis vegna lækkunar heimsmarkaðsverðs. Veltuhraði birgða á fyrra ári var 10,6.
- Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur hækka um 819 m.kr. á tímabilinu og er innheimtutími viðskiptakrafna nú 11,3 dagar samanborið við 11,5 daga á fyrra ári.
- Veltufjárhlutfall er 0,86 og lausafjárhlutfall 0,39 í lok ársfjórðungs. Aðgangur að skammtímafjármögnun í formi lánalína að upphæð 6,2 ma. kr. hjá viðskiptabanka er tryggður.
- Eigið fé í lok tímabilsins var 27.751 m.kr. og eiginfjárhlutfall 37,4%. Arðsemi eigin fjár var 17,2%. Eiginfjárhlutfall við lok síðasta rekstrarárs var 38,8% og arðsemi eigin fjár 18,5%. Félagið átti 26,2 millj. eigin hluti í lok tímabilsins.
- Heildarskuldir samstæðunnar í lok fyrsta ársfjórðungs voru 46.546 m.kr. en þar af voru vaxtaberandi skuldir 15.738 m.kr. og leiguskuldir 9.811 m.kr. Nettó vaxtaberandi skuldir, með leiguskuldum, í lok tímabils voru 25.549 m.kr. eða 1,9 x 12 mánaða EBITDA.

Sjóðstreymisýfirlit samstæðunnar

í millj. kr.	1F 2023/24	1F 2022/23	Breyting	Breyting %
	01.03-31.05	01.03-31.05		
Handbært fé frá rekstri	3.335	1.970	1.365	69,3%
Fjárfestingarhreyfingar	(2.350)	(504)	(1.846)	366,3%
Fjármögnunarhreyfingar	(898)	(1.036)	138	-13,3%
Hækkun á handbæru fé	87	430	(343)	-79,8%
Handbært fé í byrjun tímabils	2.869	783	2.086	266,4%
Handbært fé í lok tímabils	2.956	1.213	1.743	143,7%

Sjóðstreymi fyrstu þrjá mánuði rekstrarársins 2023/24

- Handbært fé frá rekstri á fyrsta ársfjórðungi nam 3.335 m.kr., samanborið við 1.970 m.kr. á fyrra ári en hækkun á handbæru fé milli ára má m.a. rekja til lækkandi birgðastöðu eldsneytis vegna lækkunar heimsmarkaðsverðs.
- Fjárfestingarhreyfingar tímabilsins voru 2.350 m.kr., samanborið við 504 m.kr. á fyrra ári. Fjárfesting í fasteign við Norðlingabraut í Reykjavík nam 1.180 m.kr. og var það stærsta einstaka fjárfesting fjórðungsins ásamt fjárfestingu í opnun nýrrar verslunar Bónus í húsnæðinu.
- Fjármögnunarhreyfingar tímabilsins voru 898 m.kr., samanborið við 1.036 m.kr. á fyrra ári.
- Handbært fé í lok ársfjórðungs nam 2.956 millj., samanborið við 1.213 millj. í lok fyrsta ársfjórðungs í fyrra.

Staðan og framtíðarhorfur

Áframhaldandi verðhækkanir á aðfanga- og vöruverði, auk hækkandi vaxtastigs, einkenndi nýliðinn ársfjórðung líkt og verið hefur undanfarin misseri. Velta hefur aukist nokkuð í krónum talið í dagvöruhlu samstæðunnar þar sem áhrif verðbólgu hafa verið töluverð. Framlegðarhlutfall hefur heldur lækkað sem sýnir að kostnaðarverðshækkunum hefur ekki verið fleytt út í vöruverð að fullu leyti. Þá hefur velta og framlegð í eldsneytishluta samstæðunnar dregist saman með lækkandi heimsmarkaðsverði á eldsneyti.

Afkomuspá stjórnenda fyrir rekstrarárið 2023/24 gerir ráð fyrir að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) verði á bilinu 11.000-11.500 millj. kr. Fjárhagsleg staða samstæðunnar er sterk og er fjármögnun tryggð til langs tíma. Þá er aðgangur að skammtímafjármögnun í formi lánalína, að fjárhæð 4,5 ma. kr. og USD 12,5 millj. einnig tryggður. Þá hefur félagið undanfarið nýtt sér skammtímafjármögnun í formi víxlaútgáfu en útgáfa víxlanna er í samræmi við grunnlýsingu 10 ma. kr. útgáfuramma sem stjórn félagsins hefur samþykkt. Gera má ráð fyrir að félagið horfi í meira mæli til markaðsfjármögnunar á næstu misserum.

Hlutfé og hluthafar

- Markaðsvirði Haga í lok tímabilsins nam 74,8 ma. kr. og lokaverð þann 31. maí 2023 var 66,0 kr./hlut.
- Skráð hlutfé Haga í lok tímabilsins nam 1.133 m.kr. Félagið átti 26,2 millj. eigin hluti í lok tímabils.
- Þann 1. júní 2023 samþykkti aðalfundur að lækka hlutfé félagsins til ógildingar á eigin hlutum að nafnverði 26,2 m.kr. Lækkunin kemur til framkvæmda í dag, þann 28. júní 2023, og lækkar hlutfé Haga því úr 1.133 m.kr. að nafnverði í 1.106 m.kr. að nafnverði.
- Aðalfundur samþykkti einnig að greiddur yrði arður til hluthafa vegna síðastliðins árs sem nam 2,24 krónum á hlut eða 2.475 m.kr. Arðurinn var greiddur þann 13. júní 2023.
- Hluthafar voru 1.055 í byrjun tímabils og 1.045 í lok þess. 10 stærstu hluthafar félagsins áttu 73,1% eignarhlut í félaginu í lok fyrsta ársfjórðungs.

Rafrænn kynningarfundur miðvikudaginn 28. júní 2023

Rafrænn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn í dag, miðvikudaginn 28. júní kl. 16:00, þar sem Finnur Oddsson, forstjóri, og Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, munu kynna rekstur og afkomu félagsins ásamt því að svara fyrirspurnum.

Tekið verður við spurningum sem tengjast uppgjörinu á meðan á útsendingu stendur á netfangið fjarfestakynning@hagar.is og verður þeim svarað eins og kostur er í lok fundar.

Fundinum verður streymt og er skráning á fundinn hér: <https://www.hagar.is/skraning>

Kynningargögn verða aðgengileg á heimasíðu Haga, www.hagar.is, við upphaf fundar.

Fjárhagsdagatal 2023/24

Fjárhagsupplýsingar eru birtar eftir lokun markaða.

Uppgjörstímabil	Vikudagur	Birtingardagur
2F – 1. mars til 31. ágúst	Miðvikudagur	18. október 2023
3F – 1. mars til 30. nóvember	Fimmtudagur	11. janúar 2024
4F – 1. mars til 29. febrúar	Þriðjudagur	23. apríl 2024
Aðalfundur 2024	Fimmtudagur	30. maí 2024

Fréttatilkynning þessi og uppgjörsgögn verða aðgengileg á ensku þann 30. júní á <https://www.hagar.is/en/>

Press release and financial statements will be available in English on June 30th at <https://www.hagar.is/en/>

Nánari upplýsingar veita Finnur Oddsson, forstjóri félagsins (fo@hagar.is), og Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs (geg@hagar.is), í síma 530-5500 eða tölvupósti.
